

# MÓTTEKIÐ

29 DES. 2008

2008 09 88 - 1101

Byggingafulltrúi uppsv. Ámessýslu og Flóahr.

Byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu:  
Helgi Kjartansson  
Dalbraut 12  
Laugarvatn.

Hörning – þ. 18/12 2008.

Efni: Umsókn um byggingu 12 fm. húss í Ásabyggð 5 á Flúðum.

Vinsamlegast komið eftirfarandi á framfæri og sendið skrifleg svör við spurningum mínum.

Í september 2008 - sækir Guðmundur Magnússon á Flúðum (í mínu umboði) skriflega um leyfi til þess að byggja 12 fm. hús á lóð minni í Ásabyggð. Húsið mundi standa 5 m. frá lóðarmörkum. Guðmundur trúir ekki öðru en að þetta verði í lagi – svo að í september fara synir mínr með mér heim til Íslands og við gröfum fyrir húsinu og göngum frá því sem þarf að undirbúa.

Þar sem margir okkar nágrannar í landi Ásabyggðar hafa gert breytingar á húsum sínum og lóðum – fannst okkur eðlilegt að við gætum einnig gert breytingar. Hús sem átti að vera 12 fm. – fannst okkur frekar lítið – miðað við það sem gert hafði verið á nærliggjandi lóðum.

Engin svör berast við umsókn um byggingarleyfi – svo að ég kem aftur heim í lok nóvember (í góðri trú) og vonast til þess að geta lagt síðust hönd á undirbúning. En þá hefur Guðmundur – sama daginn – fengið bréf frá þér Helgi – með neitun á byggingarleyfi. Ég má ekki byggja húsið samkvæmt reglum frá 1997 sem krefjast 10 fm. fjarlægðar frá húsi og að lóðarmörkum.

Hvernig stendur á því að þetta tekur svona langan tíma og af hverju fæ ég engar upplýsingar ?. Ég spurði þig auðvitað og skýringin var sú – að ég væri búsett í Danmörku og af þeim sökum hafi ekki verið hægt að ná í mig. Skrifstofa Hrunamannahrepps er með heimilisfang mitt og símanúmer og einnig var það Guðmundur Magnússon sem sendi umsóknina í mínu umboði.

Þegar við tölum saman – nefnir þú þó annan möguleika – sem er: Ef nánustu nágrannar mínr í Ásabyggð (það eru rúmir 35m á milli okkar húsa) samþykkja skriflega að ég megi byggja húsið – þá er góð von um að þessu verði bjargað. Þessa samþykkt fæ ég og bið þig um að endurnýja umsóknina og taka upp erindi og umsókn mína á næsta fundi byggingarnefndar - sem haldinn var á Laugarvatni þ. 27/11. Ég hringi að þessum fundi loknum og fæ neikvætt svar varðandi nýbyggingu.

Ég vil taka það fram – að aðstæður á lóðinni eru þannig að landið er blautt og ekki um aðra staði að velja til þess að setja niður hús. Einnig vil ég hafa húsið nóg nálægt núverandi húsi – þannig að hægt verði að nýta salernisaðstöðu.

Ég vil vinsamlegast biðja um að fá skrifleg svör við eftirfarandi.:

Skriflegt svar á umsókn minni og rök fyrir því – hvers vegna ég fæ neitun á að byggja 12 fm. hús í Ásabyggð 5 – Flúðum.

Skriflegt svar um umræðu fundar (fundargerð) þ.27/11 síðastliðinn hjá byggingarnefnd (haldinn á Laugarvatni) og hvers vegna samþykki/leyfi nágranna sé ekki nægjanlegt fyrir undanþágu til þess að byggja húsið í Ásabyggð?

Ég vil gjarnan fá upplýsingar um – á hvaða forsendum aðrir eigendur í Ásabyggð hafa fengið að byggja sínar viðbyggingar – jafnvel þó augljóst sé að ekki hafi verið farið eftir reglum.

Hvaða breytingar þarf ég að gera – til þess að fá byggingu 12 frm. húss samþykktu?

Vinsamlegast – Þóra Óskarsdóttir  
Tværvej 7  
8362 Hørning  
Danmark.



Afrit af bréfi – fá:

Sigurður Ingí Jóhannesson – Syðra Langholti 4 – 845 Flúðum.

Ísólfur Gylfi Pálsson – Skrifstofa Hrunamannahrepps – 845 Flúðum.

Guðmundur Magnússon – Steinahlíð – 845 Flúðum.

